

Vinnuhópur um rafræn gögn – lokaskýrsla

3/4/2024/ Sigrún Hauksdóttir

Inngangur

Vinnuhópur um rafræn gögn var settur á stofn til að skýra verkferla og útbúa leiðbeiningar fyrir rafræn gögn af mismunandi uppruna, þ.e.a.s. rafrænar áskriftir, rafrænt íslenskt efni í Rafhlöðu og annað efni sem er bæði opið eða ekki er aðgengilegt öllum. Vinnuhópur var stofnaður í maí 2023. Lagt var upp með að hópurinn hittist nokkrum sinnum í maí og í júní og myndi klára vinnuna á haustdögum. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá Landskerfi bókasafna, Landsbókasafni og háskólunum. Markmið hópsins var að finna besta verklagið við skráningu og meðhöndlun rafræna efnisins. Vitað var fyrirfram að eitt verklag þyrfti fyrir áskriftarefni Landsaðgangs og háskólanna og annað fyrir skýrslur og annað efni sem er á pdf formi.

Í bréfi sem sent var út 18/4/2023 fyrir stofnun hópsins segir:

Í nútímanum og nýjum kerfum verður áherslan á rafrænt efni sífellt meiri. Skráning og umsýsla þessa safnkosts er okkur ekki jafn töm og þess fýsíska og kerfislegir möguleikar í nýjum kerfum allt aðrir og betri en í eldri kerfum.

Ég er hér einkum að vísa til rafbóka og rafrænna tímarita sem og íslensks útgefins efnis á borð við skýrslur og greinar. Sumt af þessu efni er til eignar og annað í áskrift eða opnum aðgangi. Stundum er hægt að nálgast þetta efni í gegnum heimskjarnann í nýja Gegni eða rafræn gagnasöfn en við og við þarf að frumskrá. Ýmsar spurningar koma upp í hugann í þessu sambandi bæði af almennum og kerfislegum toga. Hvað á að skrá og hvað á að virkja? Hvernig er framkvæmdin? Að hverju þarf að huga sérstaklega með íslenskt rafrænt efni í huga o.s.frv.

Fulltrúum frá háskólunum auk Landsbókasafns og Landskerfis bókasafna var boðið að taka þátt í vinnu hópsins. Þáðu allir boðið nema Háskólinn í Reykjavík sem sá sér ekki fært að taka þátt vegna annarra verkefna. Fulltrúar í vinnuhópnum voru:

- Telma Rós Sigfúsdóttir - Landsbókasafni
- Hallfríður H. Kristjánsdóttir – Landsbókasafni
- Helga Kristín Gunnarsdóttir - Landsbókasafni
- Gunnhildur Björnsdóttir - Menntavísindasviði HÍ
- Astrid Margrét Hoddevik Magnúsdóttir – Háskólanum á Akureyri
- Sigríður Vilhjálmsdóttir – Háskólanum á Akureyri
- Inga Ágústsdóttir - Heilbrigðisvísindasafni LSH og HÍ
- Anna Björk Haraldsdóttir – Landbúnaðarháskóla Íslands
- Rósa Bjarnadóttir - Listaháskóla Íslands
- Þórný Hlynsdóttir – Háskólanum á Bifröst
- Dögg Hrinsdóttir - Landskerfi bókasafna
- Sigrún Hauksdóttir - Landskerfi bókasafna (formaður)
- Rósa S. Jónsdóttir – Landskerfi bókasafna

Lagt var upp með að starfstími hópsins væri stuttur en snarpur. Ræsifundur var haldinn 22. maí 2023 en á þriðja fundi 12. júní var hópnum skipt í tvennt. Annar vegar um rafrænt áskriftarefni og stýrði Telma Rós Sigfúsdóttir á Landsbókasafni þeirri vinnu og hins vegar um rafrænt efni sem ekki er í áskrift sem Hallfríður Kristjánsdóttir Landsbókasafni stýrði. Mikil skörun var á milli hópanna og tóku margir fulltrúanna þátt í vinnu í þeim báðum.

Báðir hóparnir funduðu fram á haust en þá lágu fyrir meginlínurnar í verklagi og leiðbeiningum. Í kjölfarið tók við vinna við útfærslu og lausn tæknilegra áskorana sem var alfarið á höndum fulltrúa Landsbókasafns og Landskerfis bókasafna. Vinnu hópsins lauk formlega með lokafundi þann 6. mars 2024.

Verkefnið

Byrjað var á að ræða hvar skórin kreppir og skilgreina vandamál. Fljótlega varð ljóst að vandamál og leiðbeiningar fyrir rafrænt efni í áskrift og annað rafrænt efni, opið eða lokað, væru af ólíkum meiði. Einnig voru fulltrúar í vinnuhópnum annað hvort að vinna með efni í áskrift (landsaðgangur og séráskriftir) eða rafrænt opið íslenskt efni sem á að vera varðveitt í Rafhlöðunni. Annar anginn af rafrænu efni sem ekki er áskriftarefni, er það efni sem er aðeins aðgengilegt innan safns eða safnakjarna og því ekki hægt að veita aðgang frá landskjarna.

Rafrænt áskriftarefni

Til að gera rafrænar áskriftir aðgengilegar eru þær virkjaðar í kerfinu. Upplýsingar um áskriftir Landaðgangs um rafrænar áskriftir og séráskriftir háskólanna, eru aðgengilegar í heimskjarna eða nánar tiltekið í gagnagrunni Ex Libris „Central Discovery Index“ (CDI). Virkjun efnisins gerir fræðiefni háskólanna, hvort sem það er opið eða í áskrift, leitabært en aðrir ferlar sjá um aðgengið. Hópurinn sökkta sér niður í, greindi og leysti úr mismunandi vandamálum og í kjölfarið voru útbúnar leiðbeiningar. Þær má finna undir „Umsýsla rafræns áskriftarefnis“ á þjónustugátt Landskerfis:

- Að virkja rafrænt safn (e. collection)
- Virkja einstaka titla (e. portfolios) í virku rafrænu safni (e. collection)
- Virkja rafrænt safn (e. collection) og einstaka titla (e. portfolios)
- Áskrift hætt og forða lokað

Hópurinn var einnig nokkurs konar sjálfshjálparhópur þar sem fulltrúar miðluðu hver öðrum af sinni þekkingu. Að öðrum ólöstuðum þá bar Telma Rós Sigfúsdóttir höfuð og herðar yfir aðra fulltrúa og aðstoðaði við einstök vandamál hjá hverju safni fyrir sig.

Háskólar landsbyggðarinnar (HALA)

Í þessari vinnu kom glögg í ljós að það voru allt öðruvísi vandamál hjá Háskólum landsbyggðarinnar (HALA) söfnunum en hinum háskólunum varðandi rafræna áskriftarefnið. Uppsetning HALA safnanna er frábrugðin öðrum háskólum þar sem að safnakjarninn þjónar 5 háskólum. Þetta eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum og Háskólasetur Vestfjarða. Uppsetningin þar byggir á svokölluðum “Campus” og “Available for” stillingum sem stýra aðgangi að efninu.


Fulltrúar HALA safnanna í vinnuhópnum héldu vinnunni áfram eftir að formlegum vinnufundum lauk og greindu vandamálin í sínum safnakjarna. Voru þau síðan send til Ex Libris til úrlausnar og skýringar. Eftir að Ex Libris hafði greint vandamálin var ákveðið að breyta uppsetningu HALA safnanna til samræmis við uppsetningu hinna háskólakjarnanna. Það mun breyta leitarniðurstöðum og aðgangi að áskriftarefninu þannig að allt efni innan safnakjarnans finnst í leit og leitarniðurstöðum en IP-tölur munu stjórna aðgangi notenda. Núna, 3. apríl 2024, er ekki búið að framkvæma þessa breytingu en vonandi verður því lokið fyrir byrjun næsta skólaárs.

Rafrænt efni - ekki í áskrift

Það var nokkur höfuðverkur að átta sig á hvernig best væri að meðhöndla rafrænt efni sem ekki er í áskrift. Til þess að átta okkur á möguleikunum fengum við sérfræðing frá Ex Libris til að gefa okkur betri innsýn í möguleika kerfisins og verkferla. Þann 27. september 2023 hélt Andrew Christensen kynningu um “Local Electronic Material” sem gaf okkur betri innsýn í verkefnið.

Vinnuhópur um rafrænt efni sem ekki er í áskrift fékk góðan liðsauka á haustdögum þegar Rósa S. Jónsdóttir kom tímabundið til liðs við Landskerfi bókasafna. Rósa hafði áður unnið hjá Orkustofnun við umsýslu þeirra rafrænu skýrslna og hafði því mikla reynslu af þessu efni og innsýn í hvað þyrfti að skoða og taka tillit til.

Verkferill var þróaður fyrir nýtt rafrænt efni eins og skýrslur sem byggir á eftirfarandi:



Rafrænar möppur (portfolio) eru nauðsynlegar til þess að gera rafrænt aðgengi sýnilegt notendanum bæði í Gegni og á Leitir.is.

Rafrænt opið efni

Vefútgáfa sem er opin öllum og á erindi í alla/marga safnakjarna (t.d. veflægar opnar skýrslur og kennslubækur) fær rafræna möppu í landskjarna fyrir hvern titil. Með þessu er tryggt að rafrænt aðgengi að efninu megi gera sýnilegt í öllum safnakjörnum, hvort sem er í Gegni eða á leitir.is. Sjálfvirkar keyrslur sem byggja á að færslan innihaldi virka vefslóð og kóðann „nzp“ í sviði 939\$Þ sjá um að mynda rafrænar möppur í landskjarna. Hér er dæmi um nauðsynleg

skráningaratriði í bókfræðifærslu sem er opin öllum og fær rafræna möppu í landskjarna og er merkt Rafhlöðunni með „rh“ í 939\$\$h.

Ef bókfræðifærsla inniheldur eftirfarandi svið, hér merkt með rauðu, verður sjálfkrafa til rafræn mappa í landskjarna og efninu er einnig skilað til varanlegrar varðveislu í Rafhlöðu.

| | | |
|----------------|--------------|--|
| - 007 | cr# | - sjálfgefið með færslusniðinu *bók rafr |
| - 082 ?4 \$\$a | Flokkstala | - sem hæfir efninu sem verið er að skrá |
| - 856 40 \$\$u | Virk vefslóð | - sem vísar á skjalið sem lýst í skráningarfærslunni |
| - 939 ## \$\$f | rh | - stendur fyrir Rafhlaða - skilar efninu þangað til varðveislu |
| | \$\$f nzp | - network zone portfolio - rafræn mappa í landskjarna |

Rafrænt efni sem er aðgengilegt innan safnakjarna eða lokað

Rafrænt efni sem er einungis aðgengilegt innan safnakjarna eða lokað lýtur svipuðum lögmálum og opið rafrænt efni. Í þeim tilfellum fær efnið rafræna möppu í sínum safnakjarna en ekki í landskjarna. Ekki er um sjálfvirkar keyrslur að ræða heldur þarf að útbúa rafræna möppu handvirkt samkvæmt leiðbeiningum.

Leiðbeiningar

Leiðbeiningar fyrir rafrænt efni – ekki í áskrift er bæði að finna í Handbók skrásetjara Gegnis (HASK), <https://hask.landsbokasafn.is/> og á þjónustugátt Landskerfis bókasafna, <https://gegnir.freshdesk.com/support/home>. Í meginráttum eru leiðbeiningar um atriði sem tengjast bókfræðiskráningu í Handbók skrásetjara en leiðbeiningar um rafrænar möppur á þjónustugátt Landskerfis. Eðli málsins samkvæmt þá samtvinnast þetta að nokkru leyti. Vert er að benda á frétt um “Skráningu á rafrænu efni og rafrænar möppur í landskjarna” í HASK <https://hask.landsbokasafn.is/index.php?mact=News,cntnt01,detail,0&cntnt01articleid=17&cntnt01returnid=118>.

Eftirfarandi leiðbeiningar voru útbúnar og eru aðgengilegar á þjónustugátt Landskerfis bókasafna:

- Rafræn útgáfa - opin öllum - nauðsynleg skráningaratriði
- Rafræn opin útgáfa – skráningarferill
- Rafræn útgáfa - að búa til rafræna möppu í safnakjarna
- **Drög** - Rafræn útgáfa - að uppfæra eða eyða rafrænni möppu í safnakjarna

Sérfræðistofnanir og bókasöfn

Fullyrða má að vinnuhópur um rafrænt efni hafi svarað kalli tímans. Á meðan hópurinn starfaði komu nokkrar stofnanir fram vegna þess að þær voru í vandræðum með að skrá og varðveita sína rafrænu útgáfu. Nokkrar þessara stofnana eru aðilar að Gegni en það hafði fjarað undan bókasafninu innan þeirra og ekki var lengur talin ástæða til þess að skrá efnið í Gegni, heldur einungis að setja nýtt útgefið efni á vefsíðu stofnunarinnar. Því miður eru

vefsíður mjög óruggur geymslustaður því að þær eru í stöðugri endurskoðun og þá vill útgefið efni tynast. Einnig hefur vefsíða stofnunar mjög takmarkaða útbreiðslu. Af þessum sökum vilja margar sérfræðistofnanir skrá og gera efnið sitt aðgengilegt í Gegni og leitir.is aftur.

Mikið af þessum sérfræðiefni/skýrslum var með óvirka tengla í Gegni og leitir.is og efni þeirra óaðgengilegt. Í þeim tilfellum er nauðsynlegt að skipta óvirku tenglunum út fyrir Rafhlöðutengla, það er að segja ef bókfræðifærslan hefur verið rétt merkt og efninu skilað. Breytingar sem þessar eru samstarfsverkefni Landsbókasafns og Landskerfis bókasafna. Búið er að móta innanhúss verkferil fyrir slíkt viðhald.

Landslag sérfræðistofnana virðist vera í stöðugri endurskoðun. Bæði eru stofnanir lagðar niður og aðrar spretta upp. Eins er hlutverki stofnana breytt en niðurstaðan er alltaf sú að enginn ber lengur ábyrgð á útgefnu sérfræðiefni þessara stofnana. Á tímabilinu var unnið með nokkrar stofnanir og tenglum breytt í Rafhlöðutengla. Þess ber þó að geta að sumar stofnanir vilja ekki að svo stöddu nota Rafhlöðutengla og þá þarf að finna aðra lausn í samvinnu við þær.

Almenn tenglaprófun

Að prófa tengla íslenskra sérfræðistofnana er tiltölulega auðvelt þar sem við getum látið okkur detta í hug hvaða stofnanir gætu verið með brotna tengla með því einfaldlega að leita og skoða í leitir.is. Erfiðara er að finna aðra brotna tengla og til þess þarf að gera almenna tenglaprófun (URL check) í Gegni. Það á enn eftir að þróa verkferil fyrir almenna tenglaprófun því jafnframt þarf að vera með tilbúið verklag til að láta eigendur efnisins vita um brotna tengla og bjóða upp á möguleika til að lagfæra þá.

Eitt er víst að við sem samfélag viljum ekki vera með mikið að brotnum tenglum í leitir.is og á tengdum síðum. Notendur missa þá trúna á gæði gagnanna og slíkt er uppspretta pirrings og óánægju. Í farvatninu er að setja upp ábendingarhnapp á leitir.is þar sem hægt er að koma á framfæri ábendingum um óvirka tengla, villur í bókfræðiskráningu o.s.frv. Það má sjá hnappinn á lbs.leitir.is en athugið þó að uppsetningin er ekki fullkláruð.

Hvað er framundan?

Verkferlar og leiðbeiningar fyrir rafrænt efni, bæði í áskrift og ekki í áskrift, marka nokkur tímamót. Þekking á meðhöndlun rafræns áskriftarefnis var á fárra höndum og ef eitthvað fór úrskeiðis varð að hafa samband við vin á öðru safni sem reyndi að leysa úr málunum en úrlausnir voru oft á tíðum tímafrekar og erfiðar. Nú eru tilbúnar leiðbeiningar sem auka sjálfstæði safnanna.

Þróaðir voru verkferlar og leiðbeiningar fyrir rafrænt efni sem ekki er í áskrift sem breyta umsýslu og gæðum þessa efnis til betra horfs. Í fyrsta lagi er mikil vinna framundan við að leiðrétta og byggja upp óvirka tengla. Það þarf að kynna verkferlana fyrir skrásetjurum og er stefnt að því á næsta fræðslufundi skrásetjara í lok maí 2024. Í öðru lagi þarf að boða til vinnufundar með skrásetjurum í sérfræðisöfnum sem hafa sýnt áhuga á að skrá sitt rafræna sérfræðiefni í Gegni. Í þriðja lagi þarf að vekja sérfræðinga og stofnanir til umhugsunar um stöðu sérfræðiefnis íslenskra stofnana. Nokkur hluti þess efnis er ekki skráður í Gegni og

einnig er pottur brotinn varðandi skil í Rafhlöðuna en íslenska efnið er skilaskyldt samkvæmt lögum.

Þrátt fyrir að starfi vinnuhóps um rafrænt efni sé lokið þá munu áfram koma upp vandamál og ýmis álitamál um birtingu og aðgengi rafræns efnis. Í farvatninu er að stofna sérstakan leitir.is vinnuhóp sem hefði það hlutverk að standa vörð um leitir.is hvað varðar áframhaldandi þróun, virkni, útlit, innihald og aðgengi.